

Nd.

44. Frumvarp

til hjúkrunarkvinnalaga.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í hjúkrunarkvinnaskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar hæfar til hjúkrunarkvinnastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig hjúkrunarkonur, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til hjúkrunarkvinnastarfa, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvinnaskólans og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar tilsvaramandi heilbrigðisstofnanir, að skólum sem skólahjúkrunarkonur né til þess að starfa að almennum hjúkrunarkvennastörfum á vegum sveitarfélaga, sjúkrasamlaga eða sérstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í störfum sínum eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis, má ráðherra svipta hana rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

4. gr.

Þeim hjúkrunarkonum, sem eru starfandi hér á landi sem sjálfstæðar hjúkrunarkonur á sjúkrahúsum eða annarsstaðar, þegar lög þessi ganga í gildi, má ráðherra með ráði aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis veita rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur áfram og til að njóta meðfylgjandi réttinda, þó að þær uppfylli ekki skilyrði 1. gr., enda leiti þær eftir því innan árs.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða brotin sektum, 50—500 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Greinargerð.

Hjúkrunarkonur leggja á sig langt og erfitt nám til að búa sig undir störf sín. Með stofnun hjúkrunarkvennaskólans er fengið ríkiseftirlit með því, að hæfar konur veljist til þessara þýðingarmiklu starfa og verði vel undir þau búnar.

Mælir öll sanngirni með því, að valdar, fulllærðar hjúkrunarkonur njóti hér á eftir nokkurrar réttarverndar, a. m. k. í áttina við það, sem ljósmæðrum er ætlað að njóta, og gengur frv. þetta ekki lengra. Jafnframt er til þess ætlað, að hjúkrunarkonur séu háðar svipuðum viðurlögum og ljósmæður, ef þær brjóta af sér í störfum sínum.

Erlendis er víða gerður mikill munur á „ríkisviðurkenndum“ hjúkrunarkonum og öðrum konum, sem fást við hjúkrunarkvennastörf og minni trygging þykir fyrir, að séu sæmilega lærðar. Á þetta sér einkum stað í þeim löndum, er islenzkar hjúkrunarkonur hafa samband við og leita til sér til framhaldsmenntunar. Telja islenzkar hjúkrunarkonur sig einkum munu hafa mjög mikið gagn af lagaákvæðum eins og þeim, sem hér er farið fram á, er þær leita framhaldsnáms erlendis, og er félag þeirra að öllu leyti samþykkt frumvarpinu.